

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 17. september 1990

um breytingu á tilskipun 87/404/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi einföld þrýstihylki

(90/488/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í tilskipun 87/404/EBE ⁽⁴⁾ er kveðið á um heildarsamræmingu á stöðlum sem eiga að gilda um einföld raðframleidd þrýstihylki.

Þar sem samræmdir staðlar eru ekki fyrir hendi er í tilskipun 87/404/EBE krafist EB-gerðarprófunar á viðkomandi hylkjum. Þessir staðlar munu ekki liggja fyrir á þeim degi sem tilskipunin öðlast gildi.

Í tilskipun 87/404/EBE er ekki kveðið á um aðlögunartímabil þar sem leyft yrði að markaðssetja birgðir af hylkjum sem hafa verið framleidd í samræmi við gildandi innlendar reglur áður en tilskipunin öðlaðist gildi.

Framleiðendur skulu fá þann tíma sem nauðsynlegur er til að innleiða EB-gerðarprófanir og ákveða verður aðlögunar-

tímabil til að hægt sé að markaðssetja fyrirbyggjandi birgðir þrýstihylkja.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er hér með bætt við 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 87/404/EBE:

„Aðildarríkin skulu, á tímabilinu fram að 1. júlí 1992, heimila markaðssetningu og/eða notkun hylkja sem voru í samræmi við gildandi reglur á yfirráðasvæði þeirra áður en tilskipun þessi öðlaðist gildi.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 1991. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. september 1990.

Fyrir hönd ráðsins,

P. ROMITA

forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 13, 19. 1. 1990, bls. 7.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 149, 18. 6. 1990, bls. 145 og ákvörðun frá 12. september 1990 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. C 168, 10. 7. 1990, bls. 2.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 220, 8. 8. 1987, bls. 48.